

Nd.

329. Nefndarálit

[25. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarpið hefur verið til afgreiðslu hjá nefndinni síðan á fyrstu dögum þingsins í október í haust. Var það þá sent til umsagnar þessum aðilum: Tryggingastofnun ríkisins, Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og Landssambandi íslenskra útvegsmanna, og bárust umsagnir fljótlega frá þeim öllum. Einnig barst nefndinni áskorun frá Sjómannafélagi Hafnarfjarðar um að samþykkja frumvarpið.

Tryggingastofnunin telur nokkrar breytingar á frumvarpinu æskilegar, en tekur að öðru leyti ekki afstöðu til þess. Landssamband íslenskra útvegsmanna gerir ábendingu um eina smávægilega orðalagsbreytingu á frumvarpinu, en mælir að öðru leyti með samþykkt þess. Hins vegar mæla Sjómannasambandið, Alþýðusambandið og Vinnuveitendasambandið öll með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Málið hefur verið rætt á nokkrum fundum, en að lokum hefur nefndin klofnað um afstöðu til þess.

Meiri hluti nefndarinnar, þeir Gísli Jónsson, Birgir Finnsson og Guðlaugur Gíslason, leggur til, að frumvarpinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, en minni hlutinn, Jón Skaftason og undirritaður, leggur til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 28. febr. 1962.

Hannibal Valdimarsson, Jón Skaftason.
frsm.

Fylgiskjal I.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Reykjavík, 4. desember 1961.

Tryggingastofnuninni hefur borizt bréf yðar, dags. 23. nóvember 1961, þar sem beiðzt er umsagnar um frumvarp þeirra Geirs Gunnarssonar og Hannibals Valdimarssonar til laga um breytingu á lögum nr. 24/1956, um almannatryggingar. Vill Tryggingastofnunin í því sambandi taka fram eftirfarandi:

Meginefni frumvarpsins er, að dánar- og örorkubætur slysatrygginga skuli vera hærri til sjómanna en annarra launþega. Um þetta segja flutningsmenn m. a. svo í greinargerð: „Slysaþetta, sem fylgir starfi sjómanna, er að svo miklum mun meiri en við önnur störf, að þeim, sem stunda sjóinn, ber að tryggja hærri bætur en öðrum. Má á það benda, sem alþekkt er, að einstaklingar, er telja sig stofna sér í meiri hættu um tiltekinn tíma en að jafnaði annars, t. d. vegna ferðalaga, kaupa iðulega sérstaka, háa ferðatryggingu, meðan sú hættu varir. Sjómenn eru að staðaldri í meiri hættu við störf sín en um er að ræða við venjuleg ferðalög og því eðlilegt, að trygging þeirra sé hærri en almennt gerist.“

Í nefnd, sem skipuð var árið 1959 til þess að endurskoða ákvæði almannatryggingalaga, er fjalla um upphæð slysaþóta (í nefndinni áttu m. a. sæti Björgvin Sigurðsson, framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands, og Eðvarð Sigurðsson, núverandi formaður Dagsbrúnar), var þetta mál rætt, og í nefndaráliti, dags. 23/11 1959, segir m. a. svo: „Dánarbætur nema nú kr. 87130.84 fyrir lögskráðan sjómann, en kr. 19143.34 fyrir aðra, sbr. 38. og 39. gr. og lög nr. 27/1959. Ekki verður komið auga á skynsamlegar ástæður fyrir því, að t. d. kona, sem missir mann sinn af slysförum við vegavinnu, fái aðeins kr. 19143.34 í dánarbætur á sama tíma og kona, sem missir mann sinn, sem er sjómaður, fái kr. 87130.84. Nefndin telur

því rétt, að dánarbætur verði hinar sömu fyrir alla“ Þess má geta, að tillögur nefndarinnar voru samþykktar með lögum nr. 13/1960.

Um sjónarmið þeirra einstaklinga, sem kaupa háa tryggingu vegna sérstakrar áhættu um tiltekinn tíma, skal ekki fullyrt, en ætla má, að þeir telji þörf fjölskyldu sinnar fyrir bætur hina sömu, þótt dauða bæri að með öðrum hætti. Fyrir almannatryggingarnar verður slíkt sjónarmið a. m. k. að teljast eðlilegt. Hins vegar viljum vér á engan hátt draga úr gildi þess, að einstaklingar og stéttir tryggi sér bætur umfram þær, sem almannatryggingar veita.

Í sambandi við einstök atriði frumvarpsins má að öðru leyti benda á eftirfarandi:

1. Ákvæði um örorkubætur slysatrygginga eru í 37. gr., en ákvæði um dánarbætur í 38. gr. almannatryggingalaga. Með tilliti til efnisskipunar færi þvi betur á, að 1. gr. frumvarpsins væri skipt í tvennt, þ. e. viðbót við 37. gr. og viðbót við 38. gr.
2. Ef ákvæðin eru ekki bundin við lögskráða sjómenn, getur oft leikið vafi á, hvort um sjómann er að ræða eða annan launþega, sem starfar við bát eða skip.
3. Þörf virðist vera á skýrum ákvæðum um, hverjir skuli teljast aðstandendur.
4. Í frumvarpinu segir, að útgjöld þau, sem af viðbótartryggingunni leiðir, skuli greiðast að hálfu af almannatryggingum. Þar eð hér er um að ræða þrjár tryggingagreinar, lifeyris-, slysa- og sjúkratryggingar, þar sem hver grein um sig hefur sérstakan fjárhag, er þörf skýrari ákvæða um þetta efni.

Tryggingastofnun ríkisins,
Sverrir Þorbjörnsson.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

LANDSSAMBAND ÍSLENZKRA ÚTVEGSMANNA

Reykjavík, 19. desember 1961.

Vér höfum mótttekið heiðrað bréf háttvirtrar heilbrigðis- og félagsmálanefndar N. d. hins háa Alþingis, dags. 23. nóv s. l., þar sem leitað er umsagnar stjórnar L. Í. Ú. um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Á fundi stjórnar L. Í. Ú. í dag var mál þetta tekið til athugunar, og var þar samþykkt að gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1. Vér teljum eðlilegt, að inn í frumvarpið komi ákvæði, sem kveði ótvírætt á um, að dánar- og örorkutryggingin gildi, ef viðkomandi skipverji verður fyrir slysum í þjónustu útgerðarinnar, gæti því upphaf greinarinnar hljóðað þannig: „Sérhver skipverji, sem starfar á íslenzku skipi, er tryggður gegn öllum slysum, sem hann verður fyrir í starfi í þágu útgerðarinnar, hvort heldur“
2. Þá teljum vér og nauðsynlegt, að kveðið sé ótvírætt á um, að bætur þessar komi til frádráttar slysa- og dánarbótakröfu á hendur útgerðinni.

Samþykkt var að mæla með samþykkt frumvarpsins með þessum breytingum.

Virðingarfyllt,
f. h. Landssambands ísl. útvegsmanna,
Sig. H. Egilsson.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar N. d. Alþingis, Alþingi, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 4. desember 1961.

Við höfum móttengið heiðrað bréf háttvirtrar heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis, dags. 23. nóv. s. l., þar sem beiðzt er umsagnar um einnig sent frumvarp til l. um breyt. á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Varðandi frv. þetta viljum við minna á, að á s. l. vetri var reynt með samningum við útgerðarmenn báta að ná þeirri tryggingu, er frv. fjallar um, en um það náðist ekki samkomulag nema á einstaka stað, og það við bezt vitum gildir þessi trygging aðeins í Reykjavík, Hafnarfirði, Keflavík, Akranesi og á Vestfjörðum.

Þá má og á það minna, að sorgleg slys hafa átt sér stað á þessu ári, þar sem menn hafa farizt lítt tryggðir.

Að sjálfsögðu verður mannlífið aldrei að fullu greitt og ástvinamissir aldrei fullbættur, en nokkur huggun í sorginni er það eftirlifandi ekkju, stundum með mörg börn á framfæri, að vera viss um að geta séð sér og börnum sínum farborða, þótt ástvinurinn sé horfinn og fyrirvinnan farin.

Þótt samningar um bátakjörin séu nú framundan, vitum við ekki, hvernig ganga muni að fá samninga um þetta mikilvæga atriði, og mælum því fastlega með, að nefnt frv. verði samþykkt, þar sem trygging yrði vissari á þann hátt, er frv. gerir ráð fyrir, og nær til miklu fleiri sjómanna en unnt mundi að ná með samningum.

Við teldum til lagfæringar, að við 1. málslið 1. gr. bættust orðin: „eða dauða“.

Virðingarfyllst,

f. h. Sjómannasambands Íslands,

Jón Sigurðsson.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal IV.

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 5. desember 1961.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands tók beiðni yðar um umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 24 29. marz 1956 til umræðna og afgreiðsla á fundi sínum þann 30. þ. m.

Samþykkti miðstjórnin einróma að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Alþýðusamband Íslands,

Snorri Jónsson.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal V.

VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 11. desember 1961.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Vér höfum mótttekið heiðrað bréf nefndarinnar, dags. 23. f. m., þar sem óskað er umsagnar sambands vors um frv. til laga um breytingar á lögum nr 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Framkvæmdanefnd sambands vors hefur rætt fyrrgreint frumvarp.

Samband vort, sem er samningsaðili við öll stéttarfélög farmanna, hefur þegar samið um a. m. k. svo háa tryggingu umfram gildandi lög fyrir farmenn, og sjáum vér ekkert því til fyrirstöðu, að þau samningsákvæði verði efnislega lögfest, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu og greinargerð þess.

Virðingarfyllst,

Vinnuveitendasamband Íslands,

Björgvin Sigurðsson.

Fylgiskjal VI.

SJÓMANNAFÉLAG HAFNARFJARÐAR

Hafnarfirði, 31. október 1961.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Eftirfarandi samþykkt var gerð á fundi Sjómannafélags Hafnarfjarðar hinn 30. október s. l.:

„Fundur haldinn í Sjómannafélagi Hafnarfjarðar mánudaginn 30. október 1961 skorar eindregið á Alþingi að samþykkja fyrir næstu vetrarvertíð frumvarp Geirs Gunnarssonar og Hannibals Valdimarssonar um breytingu á lögum um almannatryggingar, það er lögfestingu sérstakrar tvö hundruð þúsund króna líftryggingar allra lögskráðra sjómanna.“

Virðingarfyllst,

f. h. Sjómannafélags Hafnarfjarðar,

Þorvaldur Ásmundsson.